



HRUNAMANNAHREPPUR

21. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026 8. FUNDUR ÁRSINS VERÐUR HALDINN ÞRIÐJUDAGINN 18. APRÍL 2023 KL. 16.30 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2023, þann 18. apríl kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 16:30 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar óskaði oddviti Alexöndru til hamingju með nýfædda dóttur sem er nú án vafa yngsti gestur sveitarstjórnarfundar frá upphafi.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. **Veitustjórn: Fundargerð 5. fundar frá 29. mars sl.**
Lögð fram fundargerð 5. fundar veitustjórnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

2. **UTU bs.: Fundargerð 98. fundar stjórnar frá 22. febrúar sl.**
Lögð fram fundargerð 98. fundar stjórnar UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. **UTU bs.: Fundargerð 99. fundar stjórnar frá 8. mars sl.**
Lögð fram fundargerð 99. fundar stjórnar UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. **UTU bs.: Fundargerð 100. fundar stjórnar frá 4. apríl sl. ásamt ársreikningi 2022.**

Lögð fram fundargerð 100. fundar stjórnar UTU bs. ásamt ársreikningi 2022.

Fundargerðin og ársreikningur lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

5. **Bergrísinn bs.: Fundargerð 53. stjórnarfundar frá 17. mars sl.**
Lögð fram fundargerð 53. stjórnarfundar Bergrísans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. **Bergrísinn bs.: Fundargerð 54. stjórnarfundar frá 3. apríl sl.**
Lögð fram fundargerð 54. stjórnarfundar Bergrísans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. **Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 7. fundar stjórnar frá 11. apríl sl. ásamt ársreikningi 2022.**

Lögð fram fundargerð 7. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu ásamt ársreikningi 2022.

Fundargerðin og ársreikningurinn lögð fram til kynningar.

8. **Tónlistarskóli Árnesinga: Fundargerð 204. fundar stjórnar ásamt ársreikningi 2022.**

Lögð fram fundargerð 204. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga ásamt ársreikningi.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

9. **Ársreikningur Hrunamannahrepps 2022 – fyrri umræða.**

Lagður fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2022 ásamt sundurliðunum, til fyrri umræðu.

Friðrik Einarsson, endurskoðandi KPMG, mætti á fundinn undir þessum lið.

Lagður var fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2022, ásamt

sundurliðunum, til fyrri umræðu. Endurskoðandi kynnti

helstu kennitölur ársreikningsins og svaraði fyrirspurnum.

Jafnframt fór Friðrik, yfir framlagða endurskoðunarskýrslu KPMG fyrir árið 2022.

Afgreiðslu ársreiknings var vísað til síðari umræðu sem fram mun fara á fyrri fundi sveitarstjórnar í maí. Sveitarstjórn þakkar Friðriki fyrir góða yfirferð.

10. **Rekstraryfirlit fyrstu þrjá mánuði ársins.**

Lagt fram rekstraryfirlit Hrunamannahrepps fyrstu þrjá mánuði ársins.

Lagt fram til kynningar.

11. **Trúnaðarmál.**

Lagt fram trúnaðarmál. *Afgreiðsla færð í trúnaðarmálabók.*

12. **Minnisblað frá sveitarstjóra varðandi Klakkstanga – Byggð á Bríkum.**

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra varðandi nýtingu á heimild í útboðsgögnum um stækkun verksins „gatnagerð – Byggð á Bríkum“. En í útboðsgögnum var ákvæði um að sveitarstjórn gæti stækkað verkið og falið verktaka gerð næstu götu, Klakkstanga.

Sveitarstjórn samþykkir að nýta ákvæði í útboðsgögnum varðandi stækkun verksins og felur sveitarstjóra að ganga til samninga við Gröfutækni um jarðvinnu og lagningu vatns- og fráveitu í Klakkstanga. Greiðslur vegna verksins myndu falla til árið 2024 og því vísar sveitarstjórn fjármögnun til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2024.

13. **Niðurstaða lokaðs útboðs – Flúðaskóli.**

Lagðar fyrir niðurstöður lokaðs útboðs vegna endurnýjunar á þaki og tilheyrandi endurbótum. Opnun tilboða fór fram þann 18. apríl 2023 og bárust tvö tilboð:

Landstólpi ehf 75.531.710,-

Vörðufell ehf 68.730.300,-

Kostnaðaráætlun... 72.271.000,-

Verkfræðistofan Efla hefur metið tilboðin og sér ekkert því til fyrirstöðu að lægsta tilboði verði tekið í verkið.

Sveitarstjórn samþykkir að samið verði við Vörðufell enda uppfyllir tilboð þeirra öll skilyrði útboðs samkvæmt niðurstöðu Eflu. Viðauki verður lagður fram í maí þegar drög að heildarkostnaði liggur fyrir.

Verkfundargerðir:

a. Byggð á Brikum: Verkfundargerð 5. fundar.

Fundargerðin samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19:09